


Tennissamband Íslands



Mættir: Helgi, Bragi, Gunnar og Júlíana, Jónas.

Fundarritari: Bragi

Fundarefni:

1. **Tennishöll í Reykjavík.** Mikilvægt að fá 4 valla höll fyrir 2015 vegna smáþjóðleika. Helgi kannar málið hjá mannvirkjanefnd. Spurning hvernig eignarhaldi verður háttað.
2. **Stigamót.** Samþykkt að stjórn TSÍ ákveði framvegis hvaða mót eru stigamót og eins að 8 bestu mót manna gildi þegar árangur manna er borinn saman.
3. **Kynningar fyrir háskóla.** Ákveðið að fresta þeim, þar sem allir sem komið hafa að málum hafa sýnt þeim áhugaleysi.
4. **Styrkjamál.** Helgi er búinn að senda inn gögn vegna styrkja.
5. **Oslóarferð.** Jónas og Jón Axel fengu leyfi til að útvíkka þetta þannig að 13 ára byðist líka að fara, því eru þetta 10-13 ára. TSÍ styrkir ferðina með \$3.500.
6. **Davis cup – Arnar heiðraður.** Arnar verður líklega heiðraður á næsta Davis cup móti fyrir að hafa spilað 50 leiki fyrir Ísland.
7. **Dýrir tennisboltar.** Miklu er kostað til þjálfunar og leigu á húsnæði fyrir tennisfólk, en allt of algengt er að notaðir séu „ónýtir“ boltar. Finna þarf ráð til að bæta úr þessu, t.d. með samningum við söluaðila hér eða með því að panta bolta beint úr póstverslunum í Bandaríkjunum.
8. **Styrkbeiðnir.** Nokkrar styrkbeiðnir hafa borist, en þeir sem eru orðnir 18 ára eiga í fá hús að vanda með styrki. Stjórnin skoðar hvað hægt er að gera í þeim efnum.

Fundi slitið.